



Íslandsheimsókn erlendra samstarfsaðila TreProX.

Mynd / Hlynur Gauti Sigurðsson.

## TreProX – verkefni um viðargæði

Fyrir nokkrum árum kom saman hópur fólks víðs vegar að úr skóargeiranum, frá Skógræktinni, skógarbændum og skógræktarfélögum, ásamt fulltrúum frá Landbúnaðarháskóla Íslands og Nýsköpunarmiðstöð og hóf samtali um viðargæði í íslenskri skógrækt.

Hópurinn nefndi sig Gæðafjalir og var þar rætt um með hvaða hætti væri best hægt að tryggja gæði í uppveiti og úrvinnslu skógarafurða við íslenskar aðstæður. Fljótlega kom fram sú hugmynd að stofna til samstarfs við nágrannaþjóðir þar sem mikil þekking er á gæðamálum.

Um sama leyti hvatti Rannís þá samstarfsaðila sem staðið höfðu að Evrópuverkefninu Kraftmeiri skógar eindregið til að sækja um í annað verkefni enda þótti það verkefni sérlega vel heppnað. Niðurstaðan varð sú að haustið 2018 var sótt um styrk til Erasmus+ í þriggja ára verkefni sem nefndist því óþjála nafni „Innovations in Training and Exchange of Standards of Wood Processing“ en það var fljótlega stýtt í vinnuheitid TreProX, enda fer það mun betur í munni.

Umsækjendum til mikillar gleði fékkst styrkur upp á rúmar 40 m.kr. og var áætlaður verkfimi á árunum 2019-2021, en vegna Covid-faraldurs var verkefnið framlengt til ársloka 2022.

Samstarfsaðilar í verkefninu eru Landbúnaðarháskóli Íslands, sem fer með verkefnisstjórn, Skógræktin, Trétækniráðgjöf slf., Linnéháskóli í Svíþjóð og Kaupmannahafnarháskóli. Fulltrúar allra þessara samstarfsaðila hafa langa reynslu af vinnu í Evrópuverkefnum af ýmsu tagi og gerir það samstarfið sérlega ljúft.

Markmiðin með TreProX verkefninu eru að safna saman og miðla upplýsingum um það hvernig hægt sé að ná fram sem mestum gæðum í viðarafurðum með árangursríkri skógarumhirðu annars vegar og með aukinni þekkingu á aðferðum við sögun og þurrkun viðarins. Hluti af þessari nálgun er að fræða þá sem vinna með viðarafurðir um það hvað eru gæði og þjálf þá í að meta gæði viðarins.

Ljóst er að töluverð þekking er til staðar í landinu á þessum gæðamálum en mögulega má gera meira í að miðla þeirri þekkingu víðar, ekki hvað síst til þeirra sem vinna við úrvinnslu

dags daglega. Í tengslum við TreProX verkefnið var stofnaður hópurinn Fólkið á söginni, en það er hópur fólks sem hefur atvinnu af úrvinnslu viðarafurða með einum eða öðrum hætti. Í þessum hópi eru bæði sjálfstætt starfandi aðilar og starfsmenn hjá skógræktarfélögum og Skógræktinni. Haldnir hafa verið stuttir fræðslufundir á netinu og hafa þeir verið vel sóttir af þátttakendum í hópunum.

Afurðir TreProX verkefnisins eru bókin Gæðafjalir – viðskiptaflokkun á timbri, sem Eiríkur Þorsteinsson hjá Trétækniráðgjöf þýddi úr sænsku og mun nýttast mjög vel í timburgeiranum á Íslandi. Jafnframt er unnið að drögum að gæðastaðli fyrir alaskaösp og byggir sá staðall á rannsóknnum sem Ólafur Eggertsson hjá Skógræktinni, Eiríkur Þorsteinsson og samstarfsaðilar við Linnéháskóla hafa unnið að. Námskrá Grænni skóga, sem er námskeiðaröð fyrir starfandi skógarbændur, verður endurskoðuð og þýdd á ensku og þar með aðgengileg fyrir samstarfsaðila. Auk þessa verður margvíslegt fræðsluefni aðgengilegt á heimasíðu verkefnisins, [www.treprox.eu](http://www.treprox.eu).

Í október 2021 var haldið vikunámskeið á Íslandi þar sem samstarfsaðilar frá Danmörku og Svíþjóð ásamt nemendum sínum, auk samstarfsaðila á Íslandi og drjúgs hluta Fólksins á söginni kom saman og fræddist um skógrækt við íslensk skilyrði, áskoranir og lausnir. Dagskráin var þétt og áhugaverð og krydduð með skemmtilegum heimsóknum til lykilaðila í skógrækt á Íslandi. Hluti af dagskránni var tveggja daga námskeið í gæðaflokkun á timbri sem sænski sérfræðingurinn Tomas Ivarsson hélt.

Fyrri dagurinn var bóklegur og haldinn í Garðyrkjuskólanum á Reykjum en seinni daginn voru verklegar æfingar í starfsstöð Skógræktarinnar í Þjórsárdal. Stefnt er að heimsókn til Svíþjóðar í lok maí og til Danmerkur í september.

Verkefnið var kynnt á Fagráðstefnu skógræktarinnar 2022, sem haldin var á Hótel Geysi, og Hlynur Gauti Sigurðsson, starfsmaður hjá Bændasamtökum Íslands, hefur útbúið myndband um Íslandsheimsóknina og TreProX verkefnið og er það aðgengilegt á heimasíðum samstarfsaðila.

*Guðríður Helgadóttir*